

Fundargerð stjórnar SOS nr. 309

Stjórnarfundur SOS

Staður: Skrifstofur SASS Selfossi og Teams

Dagsetning og tími: 28. febrúar 2022 kl. 14:30.

Mætt voru: Jón G. Valgeirsson, formaður, (JGV), Ingibjörg Kjartansdóttir stjórnarmaður, Arna Ír Gunnarsdóttir í fjarfundi, Gísli Halldór Halldórsson (GHH) ritari stjórnar. Í stað Antons Kára Halldórssonar mætti Einar Bjarnason (EB). Þá mætti Stefán Gíslason, ráðgjafi hjá Environice í fjarfundi.

1. Innleiðing breytinga á innheimtu sveitarfélaga fyrir úrgangsméðhöndlun

Fjallað um skýrslu Eflu, „Borgað þegar hent er“. Ljóst er að talsverðar breytingar eru framundan þar sem finna þarf leiðir varðandi úrgangsfát, flokkun og gjaldtöku.

Formanni falið að koma skýrslunni á framfæri við aðildarsveitarfélög Sorpstöðvarinnar. Stefáni Gíslasyni falið taka saman minnisblað um stöðu mála í gjaldtöku og möguleika sunnlenskra sveitarfélaga til gjaldtöku í ljósi þess nýja umhverfis sem blasir við.

2. Hátaeknisorbrennslustöð. Tillaga til þingsályktunar

Kynnt þingsályktunartillaga sem lögð hefur verið fram á alþingi. Um er að ræða endurflutning á eldri tillögu.

3. Upplýsingar um magn úrgangs 2021.

Stefán fór yfir vinnu við vinnslu upplýsinga um úrgangsmagn fyrir árið 2021. Enn eru óvissuþættir um heildartölur þar sem villa reyndist í innsendum gögnum en endanlegar upplýsingar ættu að liggja fyrir næsta stjórnarfund. Það eru hinsvegar vísbendingar um að jákvæður árangur hafi náðst með aðildarsveitarfélögum, bæði hvað varðar heildarmagn úrgangs og einnig vegna þeirrar orkuendurvinnslu sem felst í útflutningi brennanlegs úrgangs.

4. Verkefni vegna stöðu úrgangsmála á Suðurlandi

Staðan er svipuð og verið hefur. Lausn vegna hræbrennslu er enn á vinnslustigum.

Gert er ráð fyrir að næsti stjórnarfundur verði haldinn á Selfossi 29. mars næstkomandi, klukkan 15:00.

Fundi slitið klukkan 16:00